

---

# Skortir stjórnir hugrekki til að ráða konu í forstjórustólinn?

---

ÞÓRA H. CHRISTIANSEN

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# Ráðningar forstjóra

---

Ráðning forstjóra er eitt af mikilvægustu hlutverkum stjórna (Balsmeier o.fl., 2013)

Meirihluti stjórna bregðast því hlutverki (Charan, 2005)

Mikið liggur við og fyrirtæki oft í veikri stöðu í ferlinu (Burchard o.fl., 2020)

Pottur hæfra kandídata afar smár (Donatiello o.fl., 2018)

Forstjórar hafa ákveðinn bakgrunn og koma úr þröngum hópi (Ellersgaard o.fl., 2012)

Of margir vanhæfir karlar verða forstjórar (Chamorro-Premuzic, 2013)

Arftakaáætlanir (*succession plans*), þróun mannauðs og þjálfun leiðtoga (*comprehensive leadership pipelines*) (Groves, 2007; Griffith o.fl., 2018)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

# Kynjagleraugin sett upp

---

Áhrif ráðningar konu sem forstjóra á verð hlutabréfa (Lee og James, 2007)

Áhætta og frammistaða fyrirtækja undir stjórn kvenna (Martin o.fl., 2009)

Frammistaða kvenna sem forstjórar, glersyllan (Adams o.fl., 2008; Ryan o.fl., 2016)

Karlar velja frekar karla (Holgerson, 2013; Holgerson og Tienari, 2015)

Konur strikaðar út fyrir í ferlinu (Tienari o.fl., 2013)

Fráfarandi forstjóri opnar hliðið fyrir konu (Dwivedi o.fl., 2018)

Þeir sem valdið hafa þurfa að setja framgang kvenna í leiðtogastöður í forgang (Arnold o.fl. 2019)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# Rannsóknarspurning

---

Hvernig upplifa konur sem sitja í stjórnnum skráðra félaga og hafa tekið þátt í ráðningum forstjóra, ráðningarferlið með tilliti til möguleika kvenna á að hljóta ráðningu?



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# Fjögur þemu komu fram

---

„ég vildi tryggja að þetta yrði faglegt“

„konur tapa alltaf þegar að ferlið er svona“

„sama hvaða konu ég nefndi, það var alltaf sagt nei“

„að ala upp svona framtíðarstjórnendur“



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

# „ég vildi tryggja að þetta yrði faglegt“

---

„ef við tölum bara um Kauphöllina ... er bara alltaf búið að ákveða þetta allt fyrirfram“

„hann tikkaði í rauninni í öll boxin ...eins og aðstæður voru þá vara bara ákveðið að hraða því ferli frekar en að fara í víðtækari leit“

„ég samþykkti að vera með í ferlinu vegna þess að ég vildi tryggja að þetta yrði faglegt ... formaðurinn vildi ráða ákveðinn aðila og þá hugsaði ég með mér að það væri allavega mikilvægt að sko ég myndi þá tryggja að það yrði gert mjög vel“



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIÐEILD

# „konur tapa alltaf þegar að ferlið er svona“

---

„konur respektera meira svona formlegar leiðir“

„við höfum alveg trú á okkar getu, við erum bara oft hófstílltari þegar við erum að selja okkur, ... stundum þegar ég er að hlusta á einhverja litla, reynsluminni stráka ... þegar þeir setja á svið einhverja McKinsey söluræðu. Þú veist, ég fæ bara svona kjánahroll“

„númer eitt stendur að viðkomandi eigi að vera með forstjóraræynslu og svo ferðu af stað og svo eru allt í einu komnir einhverjir gaurar oftast sem hafa ekkert forstjóraræynslu en eru samt á endanum ráðnir og mér finnst ... eins og ... karlmenn fá kannski meiri afslátt“



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# „sama hvaða konu ég nefndi, það var alltaf sagt nei“

---

„þó að það séu konur í stjórnun þar að hérna þeir sem toga í spottana eru meira og minna karlar“

„kunningjasamfélagið og vinasamfélagið og það allt saman hefur líka sitt að segja og strákarnir eru ógeðslega öflugir í því ... það eru náttúrulega margar konur alveg svakalega hæfar orðnar og geta rúllað svona upp sko en eru einhvern veginn ekki að komast að borðinu“

„ég held að það sé alveg svona óformlegt netverk karla sem passa upp á karlana og af því að það eru svona fleiri karlar í atvinnulífinu og fleiri sem fara fyrir fjármagni“



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



# „að ala upp svona framtíðarstjórnendur“

---

„Það eru ekkert einhver 60-40% af konum sem eru framkvæmdastjórar inn í þessum stóru fyrirtækjum ... þar ertu svolítið að ala upp svona framtíðarstjórnendur af því að ef að þú ert að leita að forstjóra ertu að leita að stjórnunarreynslu“

[Arftakaáætlun] „...er svo geggjað tæki, þarna sérðu allt í einu konurnar!“

„Það getur vel verið að konan sé ekki eins tilbúin og maðurinn en þá skaltu líka bara finna út úr því hvernig þú ætlar að gera hana eins tilbúna. Þarna býrðu til með miklu skýrari hætti pipeline-ið“



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# Umræða: Snýst þetta um hugrekki?

---

1. Með því að horfa til kvenna stækkar potturinn, einsleitnin minnkar og fjölbreytileikinn eykst (Burchard o.fl., 2020; Donatiello o.fl., 2018; Holgerson, 2013)
2. Faglegt og betur undirbúið ferli þýðir að stjórnir geta brugðist hratt við (Chamorro-Premuzic, 2013; Charan, 2005)
3. Arftakaáætlanir og þróun mannauðs eflir leiðtogafærni innan fyrirtækisins (Groves, 2007; Griffith o.fl., 2018)
4. Þau sem valdið hafa þurfa að **taka ákvörðun um að eyða kynjahallanum** (Arnold & Loughlin, 2019) – ætti ekki að útheimta sérstakt hugrekki!



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD